

III.

Kærður, Þórarinn Helgi Jónsson, viðurkenndi að vera eigandi að áðurtöldu áfengi, sem fannst í herberginu Lækjargötu 8. Hann hefir játað að hafa fengizt við áfengis-sölu síðan á síðastliðnu hausti. Hefir hann þennan tíma verið atvinnulaus. Áfengið hefir hann selt hinum og þessum, og aðalsalan verið um helgar. Áfengið hefir hann keypt í Áfengisverzlun ríkisins og lagt 2 krónur á brennivinsflöskuna.

Með þessu þykir kærður hafa gerzt sekur við 15. gr. sbr. 33. gr. 1. og 2. mgr. áfengislaga nr. 33 1935. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1000 króna sekt til menningarsjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 55 daga.

Allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Einars Baldvins Guðmundssonar hrm., er ákveðast kr. 60.00, greiði kærðir in solidum.

Málið hefir verið rekið vitalaust.

Miðvikudaginn 8. desember 1937.

Nr. 35/1936. **Halldór Guðmundsson**

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Jóni Jóhannssyni

(Garðar Þorsteinsson)

Ömerking málsmeðferðar og dóms í héraði og fjárnáms samkvæmt honum.

Dómur sjóréttar Siglufjarðar 5. okt. 1935: Stefndur, Halldór Guðmundsson, útgerðarmaður Siglufirði, greiði stefnandanum, Jóni Jóhannssyni, útgerðarmanni Siglufirði, 1000 kr. og 100 kr. í málskostnað, og hafi stefnandi sjóveðrétt í v/b Elinu fyrir upphæðum þessum.

Híð ídæmda að greiða innan 3 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir krafizt þess aðallega, að dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá undirrétti, en *til vara*, að hann verði aðeins dæmdur til þess að greiða stefnda 140 krónur án vaxta. Svo krefst hann þess og, að fellt verði úr gildi fjárnám, er fram fór samkvæmt hinum áfrýjaða dómi í skipi hans, „Elínu“, S. I. 13, þann 19. nóvember 1935. Loks krefst hann málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati dómsins.

Stefndi hefir hinsvegar krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð verði látin standa óhöggðu, og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir hæstarétti eftir mati réttarins.

Svo sem frá er skýrt í hinum áfrýjaða dómi, hafa aðiljar báðir tryggt báta sína, sem um ræðir í málinu, í „Vélbátasamtryggingu Eyjafjarðar“, sem er gagnkvæmt váttryggingarfélag, og eru þeir því báðir háðir lögum þess og samþykktum. Í 29. gr. félagslaganna, sem eru frá 1931, er mælt svo fyrir, að skyldir skuli félagsmenn að hjálpa hver öðrum, ef slys ber að höndum, og megi félagsstjórnin greiða sanngjarna þóknun fyrir slíka aðstoð. Úrskurði stjórnarinnar um þóknun má svo samkvæmt 40. gr. laganna skjóta til gerðardóms, sem fullnaðarúrskurð leggur á málefnið. Í 4. gr. reglugerðar félagsins, sem samþykkt var á aðalfundi þess 1933, er viðbótarákvæði við nefnda 29. gr. laganna, á þá leið, að þegar félagsstjórnin ákveður laun fyrir björgun eða aðstoð, þá megi þau ekki fara yfir 20 krónur fyrir hverja klukkustund, en þar eð rik ástæða er til þess að skýra þetta viðbótar- og undantekningarákvæði þröngt, þá verður að álíta, að í því felist aðeins takmörkun á heimild félagsstjórnarinnar til að ákveða

þóknun, en að gerðardómur samkvæmt 40. gr. laganna sé ekki við það bundinn. Loks er í 40. gr. laganna tekið fram, að ekkert þrætumál, sem fyrir kemur í félaginu, megi bera undir opinbera dómstóla.

Áfrýjandi byggir kröfu sína um frávisun málsins frá undirrétti á framangreindum ákvæðum félagslaganna. Stefndi hefir mótmælt því, að krafan verði tekin til greina sökum þess, að hún hafi ekki verið borin fram í héraði. Að vísu hefir áfrýjandi ekki krafizt þar frávisunar berum orðum, en með því að leggja þar fram lög félagsins, bera fyrir sig, að stefndi væri við þau bundinn, og krefjast þess, að dómsniðurstaðan færi eftir því, þá hefir hann hagað kröfugerð sinni þannig í héraði, að frávisunarkrafan getur komið hér til álita, ef hún á stoð í lögum félagsins, sbr. einnig 113. gr. laga nr. 85/1936.

Þar eð stefndi er bundinn við félagslögin, en hefir ekki farið þá leið, sem þau ákveða, að láta félagsstjórnina fyrst úrskurða um þóknun fyrir hjálp þá, er hann veitti bát áfrýjanda, og skjóta þeim úrskurði síðan til gerðardóms, ef honum þætti ástæða til, þá brestur dómstólana að svo vöxnu máli heimild til þess að leggja dóm á kröfu hans. Ber því samkvæmt kröfu áfrýjanda að ómerkja málsmeðferð og dóm og vísa málinu frá undirréttinum. Samkvæmt þessu verður einnig að ómerkja hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð á að vera ómerkur og vísað málinu frá undirréttin-

um. Svo skal og hin áfrýjaða fjárnámsgerð vera ómerk.

Málskostnaður í héraði og hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu dags. 4. sept. 1934 krefst stefnandinn, Jón Jóhannsson Siglufirði, skipstjóri og eigandi v/b Snorra, að stefndur, Halldór Guðmundsson, útgerðarmaður Siglufirði og eigandi v/b Elin, verði dæmdur til þess að greiða sér 2000 kr. fyrir að draga v/b Elínu, sem var við Drangey með bilaða vél, til Siglufjarðar, að sér verði tildæmdur málskostnaður eftir mati réttarins og sjóveðréttur í v/b Elínu fyrir dómkröfum sínum.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

25. júlí 1934 er v/b Elin stödd við Drangey með bilaða vél. Eftir merki skipstjórans á v/b Elínu heldur stefnandinn, skipstjórinn á v/b Snorra, að skipinu Elínu og biður skipstjórinn á Elínu stefnanda að draga skip sitt til Siglufjarðar, og það gerði stefnandi, og tók það 7—8 klt.

Stefndur telur, að aðiljar hafi báðir þessi skip sin vátryggð í Vélbátasamtrygging Eyjafjarðar og að samkv. 29. gr. laga þeirrar tryggingar eigi stefnandi að annast slíka aðstoð sem þessa ókeypis, en beri þó a. m. k. ekki meira en 20 kr. á klt. fyrir aðstoðina, samkv. 4. gr. reglugerðar þessar vélbátasamtryggingar, eða kr. 140.00, og það vill hann borga stefnanda. Stefnandi telur sig hins vegar við aðstoðina hafa orðið fyrir aflatjóni, því að mörg skip hafi veitt sild þenna dag, er sild hafi verið mikil á Skagafirði og veður hagstætt. Þessu neitar stefndur.

Það verður nú að telja, að 29. gr. laga Vélbátasamtryggingar Eyjafjarðar aðeins skuldbindi félagana innan tryggingarinnar að hjálpa og aðstoða, er skip vátryggð innan tryggingarinnar þurfa, en ekki, að slík hjálp sé látin í té ókeypis, enda þótt að slíkt ákvæði gangi ekki lengra en lög almennt mæla fyrir og sé því óþarft, nema ef vera skyldi til þess að hvetja félagana til hjálpar. Þá verður líka að telja, að ákvæði 4. gr. Vélbátasamtryggingarinnar setji aðeins hámark fyrir, hvað stjórn tryggingarinnar án dóms.

eða aðalfundarheimildar megi borga skipum á klt. fyrir aðstoð, en skyldi ekki eigendur skipa, er þar eru vátryggð, til þess að framkvæma björgun eða aðstoð fyrir 20 kr. á klt. Slikt ákvæði, ef sett hefði verið, mundi líka slæva viljann til björgunar og aðstoðar sjómönnum, eigendum skipa og vátryggingarfélaginu til hins mesta háska.

Með tilliti til verðmætis v/b Elínar annars vegar, en hins vegar með tilliti til þess, að stefnandi hefir tafizt frá veiðum, verður að telja hæfilegt, að stefndur greiði stefnanda 1000 kr. fyrir aðstoðina og kr. 100.00 í málskostnað, og hafi stefnandi sjóveðrétt í v/b Elínu fyrir þessum fjárhæðum.

Föstudaginn 10. desember 1937.

Nr. 85/1937. **Réttvísín** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Gunnlaugi Jónssyni

(Garðar Þorsteinsson).

Víxilfölsun.

Dómur aukaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar 12. febr. 1937: Ákærði, Gunnlaugur Jónsson frá Skeggjastöðum í Ólafsfirði, sæti 6 mánaða fengelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærði greiði allan af sökinni leiðandi kostnað, þar á meðal kr. 40.00 til skipaðs talsmanns síns, fyrrv. bæjarfógeta Steingrims Jónssonar.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með játningu ákærða og öðrum skýrslum málsins er það sannað, að hann hefir falsað víxil þann, sem getur í héraðsdóminum, og enn fremur sendibréf, stílað til Einars Gunnarssonar kaupmanns, og undirritað með nafni föður ákærða, en í bréfi þessu